



Ályktun fundar Félags stjórnenda leikskóla, 1. svæðadeild (Reykjavík), 15. nóvember 2010.

Fundurinn mótmælir hugmyndum um sameiningu leikskóla og samrekstur leik- og grunnskóla og frístundaheimila og bendir á að námi og starfi leikskólabarna er með þessu stefnt í hættu. Námi og velferð barna að sex ára aldri er best borgið í leikskólum undir stjórn leikskólastjóra. Ýmsir möguleikar eru til að auka á samvinnu frístundaheimila, leik- og grunnskóla en engin rök hníga að því að farsælt sé að þvinga þessa að mörgu leyti ólíku mennta- og frístundastaði barna og unglinga undir sömu stjórn.

Fundurinn bendir enn fremur á eftirfarandi:

- ▶ Að hver leikskóli hefur sína sérstöðu og er dýrmæt undirstaða í lífi hverra fjölskyldu sem nýtur þjónustu hans.
- ▶ Að leikskólastjórnendur eru lykilfólk í faglegri forystu og rekstri. Þeir eru málsvarar starfsfólks, barna og fjölskyldna þeirra.
- ▶ Að þetta er aðföör að kvenstjórnendum og getur ekki samrýmst stefnu jafnréttismála í Reykjavík.
- ▶ Að leikskólastjórnendur í Reykjavík eru í faglegri forystu í umhverfi þar sem bráðvantar leikskólakennara. Leikskólakennarar eiga samkvæmt lögum að vera 2/3 hlutar starfsfólks leikskóla en ná ekki 1/3 hluta í leikskólum Reykjavíkurborgar. Mikill mannauður liggur í þeim leikskólakennurum sem þó eru til staðar og mikilvægt er að búa þeim eftirsóknarvert starfsumhverfi. Reykjavíkurborg mun enn síður standast samkeppni um leikskólakennara við nágrennasveitarfélög ef af þessum hugmyndum verður.

FSL óskar svara við eftirfarandi spurningum frá menntaráði Reykjavíkurborgar:

Í hverju er faglegur ávinningur af sameiningu og/eða samrekstri fólgin?

Í hverju er fjárhagslegur ávinningur af sameiningu og/eða samrekstri fólgin?